Könnunarskurðir í gegnum meint garðlag vegna frístundabyggðar á Skógum í Fnjóskadal



Lísabet Guðmundsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík 2015
FS576-15261

Ljósmynd á forsíðu er af meintu garðlagi og gamla skólahúsinu á Skógum. Horft til norðurs.

©2015 FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033 FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is www.instarch.is

INNGANGUR 4

FRAMKVÆMD 4

NIÐURSTÖÐUR 5

Skurður 1 5

Skurður 2 6

NIÐURSTAÐA 6

HEIMILDASKRÁ 7

Viðauki 1 8

Inngangur

Skógar í Fnjóskadal er bær staðsettur um 2 km suður af hringvegi 1. Sunnan við gamla skólahúsið á Skógum er áætlað að reisa sumarbústaðabyggð. Samkvæmt bréfi Fornleifaverndar Ríkisins (í dag Minjastofnun Íslands) dagsett 21. desember 2010 er skipulagssvæðið að mestu óraskað land, vaxið lyngi og ógrónum melum. Sunnan við bæjarstæðið á Skógum og vestan við veg var á kafla lágur hryggur sem gæti túlkast sem gamalt garðlag. Kanna þarf með skurðum hvort hryggurinn sé fornt mannvirki. Reynist svo vera, þarf að mæla hann upp og kortleggja. Gera skal í hann sniðskurð, teikna og ljósmynda áður en framkvæmdir hefjast.[1] Landeigendur Bergljót Þorseinsdóttir og Ingvar Ketilsson fólu Fornleifastofnun Íslands verkið og var það unnið 22.-24. ágúst 2015. Lísabet Guðmundsdóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir, fornleifafræðingar, framkvæmdu verkið en Lísabet Guðmundsdóttir sá um úrvinnslu.

Framkvæmd

Meint garðlagið liggur um það bil N-S upp við ógróinn mel og fylgir honum eftir til SSV.



Mynd 1 Meint garðlag sem liggur u.þ.b. í N-S. (Mynd tekin í NNA)

Hryggurinn var um 1,5-2m á breidd og lengd um 100m. Á miðja vegu var annað meint garðlag sem liggur í A-V upp að garðlaginu sem liggur í N-S.
Til þess að áætla hvort hryggurinn væri manngerður voru teknir tveir prufuskurðir. Einn skurður í gegnum hrygginn meðfram melnum en skurður nr. tvö var tekinn í gegnum hrygg sem liggur í austur vestur upp að fyrrnefndum hrygg. Skurðirnir voru mældir upp með Trimble Geoexplorer 6000.

[1] Deiluskipulag vegna frístundabyggðar Skógum Fnjóskadal. Bls. 2



Mynd 2 Meint garðlag sem liggur í A-V. (Mynd tekin í V)

Niðurstöður

Skurður 1

Skurður 1 var tekinn í gegnum hrygg sem lá í N-S. Hann var um 2,5-2m á breidd og um 30-40cm á hæð. Skurðurinn var 4m á lengd og um 60cm á breidd. Mesta dýpt var 70cm sem var í miðjum skurði en austan og vestan megin var skurðurinn 12cm og var stoppað þegar komið var niður á H3, ljós gjóska úr Heklu sem féll fyrir u.þ.b. 3000 árum. Engin mannvistarlög fundust í skurðinum. Hryggurinn er náttúrulegur og hefur myndast vegna jarðvegsfoks sem safnast hefur safnast saman upp við melinn sem er hærri í landslaginu. Snið var ekki teiknað þar sem ekki var um mannvirki að ræða



Mynd 3 Skurður í gegnum meint garðlag sem liggur í N-S. (Mynd tekin í A)

Skurður 2

Skurður 2 var tekinn í gegnum hrygg sem lá í austur-vestur. Hryggurinn var talsvert hærri en sá fyrrnefndi, um 50cm á hæð og 1,5m á breidd. Skurðurinn var 3m á lengd, 60cm á breidd og 70cm á dýpt. Grafið var niður á H3 gjóskuna og reyndist hryggurinn einnig vera náttúrulegur. Um það bil 20m sunnar var annar álíka hryggur og þegar gengið var um hlíðina fundust fleiri mjög álíka hryggir. Líklegast er um að ræða skriður sem hafa fallið niður hlíðina. Snið var ekki teiknað þar sem ekki var um mannvirki að ræða.



Mynd 4 Skurður í gegnum hrygginn sem liggur í A-V. (Mynd tekin í S)

Niðurstaða

Grafnir voru tveir könnunarskurðir til þess að kanna hvort hryggirnir væru manngerðir. Svo reyndist ekki vera, hefur annar þeirra myndast vegna jarðvegsuppsöfnunar upp við mel en hinn líklegast vegna skriðu niður hlíðina en álíka hryggir fundust víða í hlíðinni og á Vaðlaheiðinni.

Heimildaskrá

Frístundabyggð, Skógahlið og Skógamelar, Skógum Þingeyjarsveit. Deiliskipulag. 2011. Þingeyjarsveit.

Viðauki 1

Kort af meintum garðlögum og skurðum

